

**ÁKVÖRÐUN nr. 170****frá 11. júní 1998**

**um breytingu á ákvörðun nr. 141 frá 17. október 1989 um samantekt skráanna sem kveðið er á um í 4. mgr. 94. gr. og 4. mgr. 95. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972(\*)**

(98/565/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra, sem flytjast á milli aðildarríkja, en samkvæmt ákvæðum hans skal framkvæmdaráðið fjalla um allt er lýtur að framkvæmd eða túlkun ákvæða reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og annarra reglugerða sem fylgja í kjölfarið,

með hliðsjón af 2. mgr. 36. gr. téðrar reglugerðar (EBE) nr. 1408/71,

með hliðsjón af 17. gr. (1.–4. mgr.), 29. gr. (1.–3. mgr.), 30. gr. (1. og 2. mgr.), 94. gr. (4. og 5. mgr.), 95. gr. (4. og 5. mgr.) og 102. gr. (2. mgr.) reglugerðar (EBE) nr. 574/72,

með hliðsjón af ákvörðun nr. 141 frá 17. október 1989,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Ástæða er til að endurskoða ákvörðun nr. 141 frá 17. október 1989, einkum þannig að tekið verði tillit til þess að bætt hefur verið inn ákvæði um meðalkostnað á einstakling í stað meðalkostnaðar á hvern lífeyrisþega og aðstandendur hans í 95. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72.

Þó gildir þessi breyting á 95. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 ekki um samskipti við Frakkland fyrir en frá 1. janúar 2002.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**

*1. gr.*

Skrárnar, sem kveðið er á um í 4. mgr. 94. gr. og 4. mgr. 95. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72, skulu teknar saman samkvæmt eftirfarandi reglum:

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtfð. EB L 275, 10.10.1998, bls. 40, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/1999 frá 25. júní 1999 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

## I. SKRÁ SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í 4. MGR. 94. GR.

**Fjölskyldur launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga**

1. Eftirfarandi málsmeðferð skal viðhöfð við beitingu 1.--4. mgr. 17. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72.

Að beiðni launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings ber þar til bærri stofnun, að útfylltum A-hluta eyðublaðs E 109, að senda tvö afrit til hlutaðeigandi einstaklings sem skal koma þeim áfram til aðstandenda sinna. Hinir síðarnefndu skulu afhenda sjúkratryggingastofnun á búsetustað sínum bæði eintökin þegar þeir láta skrá sig til að njóta aðstoðar.

Leggi aðstandendur ekki fram téð vottorð skal stofnun á búsetustað fara fram á það með eyðublaði E 107 að þar til bær stofnun leggi það fram og skal þá síðarnefnda stofnunin senda vottorðið í tvíriti til stofnunar á búsetustað.

Þegar stofnun á búsetustað aðstandenda hefur fyllt út B-hlutann skal hún endursenda afrit af eyðublaði E 109 til sjúkratryggingastofnunar þar sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur er tryggtur.

2. Eingreiðslur skulu reiknaðar frá og með þeim degi sem hér segir:
  - a) deginum þegar hlutaðeigandi öðlast rétt til aðstoðar samkvæmt löggjöf hins lögbæra ríkis, en sú dagsetning er skráð á eyðublað E 109,
  - b) deginum þegar viðkomandi flytur búferlum, ef það á sér stað eftir þann dag sem um getur í a-lið hér að framan, en sú dagsetning er skráð á eyðublað E 109,
  - c) deginum eftir að réttur samkvæmt eyðublaði E 106, E 111, E 112 eða E 128 fellur niður, hafi eitt þessara eyðublaða verið gefið út og sé á því tilgreint nákvæmlega hvaða dag réttur fellur niður, en sú dagsetning er skráð á eyðublað E 109,
  - d) deginum þegar eyðublað E 109 berst stofnun á búsetustað, en þessi dagsetning er skráð á það eyðublað og telst vera sá dagur er eyðublað E 106, E 111, E 112 eða E 128 fellur úr gildi hafi eitt þessara eyðublaða verið gefið út en ekki tilgreint á því nákvæmlega hvaða dag réttur fellur niður.

Nú eiga aðstandendur enn rétt á aðstoð samkvæmt löggjöf búsetulands síns eða annars aðildarríkis vegna atvinnustarfsemi eða þess að þeir fá bætur, er koma í stað tekna, og sá réttur nýtur forgangs samkvæmt reglugerðunum og skulu eingreiðslur þá reiknaðar frá næsta degi eftir að slíkur réttur fellur niður.

3. Þar til bæra stofnunin skal tilkynna stofnun á búsetustað um niðurfellingu eða afturköllun réttar til aðstoðar með því að senda henni tvö afrit af eyðublaði E 108 þar sem A-hluti hefur verið útfylltur. Stofnun á búsetustað skal fylla B-hluta eyðublaðsins út og endursenda þar til bæru stofnuninni annað afritið.
4. Eingreiðslum skal hætt frá og með þeim degi sem hér segir:
  - a) deginum þegar réttur er felldur niður eða hann afturkallaður, berist eyðublað E 108 stofnun á búsetustað innan þriggja mánaða frá þeim degi. Dagsetningin er skráð á eyðublaðið og telst vera sá dagur sem eyðublað E 109 fellur úr gildi,
  - b) deginum þegar stofnun á búsetustað berst eyðublað E 108, hafi liðið meira en þrír mánuðir frá niðurfellingu eða afturköllun réttarins. Viðtökudagur eyðublaðsins er skráður á það og telst vera sá dagur sem eyðublað E 109 fellur úr gildi,

- c) deginum þegar hlutaðeigandi öðlast rétt til aðstoðar samkvæmt löggjöf búsetulandsins eða annars aðildarríkis í samræmi við reglugerðirnar, vegna atvinnustarfsemi sem stunduð er í viðkomandi ríki, eigi það sé stað fyrir þann dag sem um getur í a- eða b-lið. Byggist réttur til aðstoðar samkvæmt löggjöf búsetulandsins hins vegar ekki á skilyrðum er varða tryggingu eða atvinnustarfsemi heldur skilyrðum um búsetu skal taka mið af því hvaða dag atvinnustarfsemi hófst,
  - d) deginum þegar enginn aðstandenda, sem fullnægir skilyrðum um rétt til slíkrar aðstoðar samkvæmt löggjöf aðildarríkisins, er lengur búsettur þar, eigi það sér stað fyrir þann dag sem um getur í a- eða b-lið.
5. Stofnun á búsetustað skal uppfæra skrána á grundvelli upplýsinga, sem látnar eru í té af þar til bærum stofnunum, um öflun réttar (eyðublað E 109) eða niðurfellingu eða afturköllun slíks réttar (eyðublað E 108) og taka tillit til eins árs gildistíma eyðublaða E 109, sem eru gefin út af þýskum, frönskum, ítölskum og portúgölskum stofnunum, þó með fyrirvara um eyðublaðið sem nota má til að binda enda á gildistíma réttarins um leið og eiga sér stað atvik sem samkvæmt löggjöf þessara aðildarríkja réttlæta afturköllun eða niðurfellingu réttar til aðstoðar.
6. Flytji aðstandendur launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings búferlum til annars aðildarríkis en hins lögbæra aðildarríkis skal ákvæðum 1. mgr. beitt að nýju.
7. Til að reikna megi út fjölda mánaðarlegra eingreiðslna skal tímabilið, sem hlutaðeigandi einstaklingum er heimilt að krefjast bóta á, talið í mánuðum.
- Mánaðarfjöldinn fæst með því að telja almanaksmánuð dagsins, sem eingreiðslur eru reiknaðar frá, sem heilan mánuð.
- Almanaksmánuðurinn, sem réttur fellur niður í, skal ekki talinn með nema um sé að ræða heilan mánuð.
- Sé tímabil styttra en einn mánuður telst það vera mánuður.
8. Nú eru aðstandendur launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings búsettir í fleiri en einu landi en ekkert þeirra er hið lögbæra ríki og þeir uppfylla skilyrði sem sett eru um rétt til aðstoðar í hverju búsetulandanna og skal þá eingreiðsla reiknuð fyrir hvert ríki.
9. Eingreiðslur skulu reiknaðar á grundvelli talna sem eru fengnar af eyðublöðum þeim sem um getur í 5. mgr.

## II. SKRÁ SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í 4. MGR. 95. GR.

### Lífeyrisþegar og/eða aðstandendur þeirra

1. Eftirfarandi málsmeðferð skal viðhöfð við beitingu 1.--3. mgr. 29. gr. og 1.--5. mgr. 30. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72.

Að beiðni lífeyrisþega eða aðstandanda hans ber stofnun, sem annast greiðslu lífeyrisins, eða þar til bærri sjúkratryggingastofnun í aðildarríkinu, sem annast greiðslu lífeyrisins, að útfylltum A-hluta eyðublaðs E 121, að senda tvö afrit til hlutaðeigandi einstaklings. Sá skal afhenda sjúkratryggingastofnun á búsetustað sínum bæði eintökin þegar hann skráir sig til að njóta aðstoðar.

Leggi hlutaðeigandi einstaklingur ekki fram téð vottorð skal stofnun á búsetustað fara fram á það við stofnun, sem sér um útgáfu eyðublaða E 121, að hún gefi út slíkt vottorð á eyðublaði E 107 og skal þá síðarnefnd stofnun senda eyðublað E 121 í tvíriti áfram til stofnunar á búsetustað. Síðarnefndri stofnun er heimilt að skrá einstaklinginn til bráðabirgða á grundvelli

þeirra skjala sem hún telur fullnægjandi en sú skráning er ekki gild gagnvart hinni stofnuninni fyrir en sú síðarnefnda hefur gefið út eyðublað E 121.

Þegar stofnun á búsetustað einstaklingsins hefur fyllt út B-hlutann skal hún endursenda afrit af eyðublaði E 121 til stofnunarinnar sem gaf það út.

Eyðublað E 121 er gefið út á tiltekinn einstakling. Þar sem slíkt á við er eitt slíkt eyðublað gefið út til lífeyrisþegans og/eða til hvers aðstandenda hans sem ekki er búsettur í aðildarríkinu sem annast greiðslu lífeyris.

2. Eingreiðslur skulu reiknaðar frá og með þeim degi sem hér segir:

- a) deginum þegar hlutaðeigandi öðlast rétt til aðstoðar samkvæmt löggjöf hins lögbæra aðildarríkis, en sú dagsetning er skráð á eyðublað E 121,
- b) deginum þegar hlutaðeigandi flytur búferlum, ef það á sér stað eftir þann dag sem um getur í a-lið, en sú dagsetning er skráð á eyðublað E 121,
- c) deginum eftir að réttur á aðstoð samkvæmt eyðublaði E 106, E 109, E 111, E 112, E 120 eða E 128 fellur niður, hafi eitt þessara eyðublaða verið gefið út og sé á því tilgreint nákvæmlega hvaða dag réttur fellur niður, en sú dagsetning er skráð á eyðublað E 121,
- d) deginum þegar eyðublað E 121 berst stofnun á búsetustað en þessi dagsetning er skráð á eyðublaðið og telst vera sá dagur er eyðublað E 106, E 109, E 111, E 112, E 120 eða E 128 fellur úr gildi, hafi eitt þessara eyðublaða verið gefið út en ekki tilgreint á því hvaða dag réttur fellur niður.

Nú á lífeyrisþeginn eða einhver aðstandenda hans enn rétt á aðstoð samkvæmt löggjöf búsetulands síns eða annars aðildarríkis vegna atvinnustarfsemi eða vegna þess að hann fær bætur er koma í stað tekna og sá réttur nýtur forgangs samkvæmt reglugerðunum og skulu eingreiðslur þá reiknaðar frá deginum eftir að slíkur réttur fellur niður.

3. Stofnunin sem gefur út eyðublað E 121 skal tilkynna stofnun á búsetustað um niðurfellingu eða afturköllun réttar til aðstoðar með því að senda henni tvö afrit af eyðublaði E 108 þar sem A-hluti hefur verið útfylltur. Stofnun á búsetustað skal fylla út B-hluta eyðublaðsins og endursenda þar til bærú stofnuninni annað afritið.

Þegar eyðublað E 121 er felld niður eða það numið úr gildi með eyðublaði E 108 skal hið síðarnefnda, líkt og eyðublað E 121, gefið út á tiltekinn einstakling; séu fleiri en eitt eyðublað E 121 fyrir einstaklinga innan sömu fjölskyldu felld niður eða þau numin úr gildi, verður að gefa út eyðublað E 108 fyrir hvert þeirra, jafnvel þótt dagsetningar þegar blöðin eru felld niður eða numin úr gildi séu hinar sömu eða þótt allir einstaklingarnir, sem í hlut eiga, séu skráðir hjá sömu stofnun á búsetustað.

4. Eingreiðslum skal hætt frá og með þeim degi sem hér segir:

- a) deginum þegar réttur er felldur niður eða hann afturkallaður, berist eyðublað E 108 stofnun á búsetustað innan þriggja mánaða frá þeim degi. Dagsetningin er skráð á eyðublaðið og telst vera sá dagur sem eyðublað E 121 fellur úr gildi,
- b) deginum þegar stofnun á búsetustað berst eyðublað E 108, hafi liðið meira en þrír mánuðir frá niðurfellingu eða afturköllun réttarins. Viðtökudagur eyðublaðsins er skráður á það og telst vera sá dagur sem eyðublað E 121 fellur úr gildi,
- c) dánardegi lífeyrisþegans eða aðstandandans eða þeim degi þegar lífeyrisþeginn eða aðstandandinn flytur búferlum til annars aðildarríkis, eigi það sér stað á undan því sem um getur í a- eða b-lið,

- d) deginum þegar hlutaðeigandi öðlast rétt til aðstoðar samkvæmt löggjöf búsetulandsins eða annars aðildarríkis í samræmi við reglugerðirnar vegna atvinnustarfsemi sem stunduð er í viðkomandi ríki eða veitingar lífeyris samkvæmt löggjöf sama ríkis, eigi það sér stað fyrir þann dag sem um getur í a- eða b-lið. Byggist réttur til aðstoðar samkvæmt löggjöf búsetulandsins hins vegar ekki á skilyrðum er varða tryggingu eða atvinnustarfsemi heldur skilyrðum um búsetu skal miða við daginn þegar atvinnustarfsemi hófst eða lífeyrir kom fyrst til greiðslu,
- e) deginum þegar aðstandandi lífeyrisþegans í aðildarríkinu, sem hann er búsettur í, fullnægir ekki lengur skilyrðum um rétt til aðstoðar samkvæmt löggjöf þess lands, eigi það sér stað fyrir þann dag sem um getur í a- eða b-lið.
5. Stofnun á búsetustað skal uppfæra skrána á grundvelli upplýsinga sem látnar eru í té af stofnuninni sem annast lífeyrisgreiðslurnar eða þar til bærri sjúkratryggingastofnun aðildarríkisins, sem annast lífeyrisgreiðslurnar, um öflun réttar (eyðublað E 121) eða niðurfellingu eða afturköllun slíks réttar (eyðublað E 108) og taka tillit til eins árs gildistíma eyðublaða E 121, sem gefin eru út af þýskum, frönskum, ítölskum og portúgölskum stofnunum til handa aðstandendum lífeyrisþega, þó með fyrirvara um eyðublaðið sem nota má til að binda enda á gildistíma réttarins um leið og eiga sér stað atvik sem réttlæta, samkvæmt löggjöf þessara aðildarríkja, afturköllun eða niðurfellingu réttar til aðstoðar.
6. Flytji lífeyrisþegi eða einhver aðstandenda hans búferlum til annars aðildarríkis en þess sem annast greiðslu lífeyrisins skal ákvæðum 1. mgr. beitt að nýju.
7. Til að reikna megi út fjölda mánaðarlegra eingreiðslna skal tímabilið, sem hlutaðeigandi einstaklingum er heimilt að krefjast bóta á, talið í mánuðum.
- Mánaðarfjöldinn fæst með því að telja almanaksmánuð dagsins, sem eingreiðslur eru reiknaðar frá, sem heilan mánuð.
- Almanaksmánuðurinn, sem réttur féll niður í, skal ekki talinn með nema um sé að ræða heilan mánuð.
- Sé tímabilið styttra en einn mánuður telst það vera mánuður.
8. Eingreiðslur skulu reiknaðar á grundvelli talna sem eru fengnar af eyðublöðum þeim sem um getur í 5. mgr.

2. gr.

Við beitingu 2. mgr. 102. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 skulu stofnanir á búsetustað senda ár hvert áfram til ríkisstofnana og aðila þeirra sem tilnefndir eru í 10. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 574/72 sérstök yfirlit yfir mánaðarlegar eingreiðslur sem inntar hafa verið af hendi (eyðublað E 127) og skulu þau útbúin á grundvelli skráanna sem kveðið er á um í 94. og 95. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72.

Tilnefndar stofnanir og aðilar í búsetulandinu skulu senda tilnefndum stofnunum og aðilum hins lögbæra ríkis téð yfirlit.

Á eyðublaði E 127 skal koma fram fjöldi mánaðarlegra eingreiðslna sem koma til greiðslu á einu ári fyrir hverja fjölskyldu launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings. Þegar um er að ræða lífeyrisþega og/eða aðstandendur þeirra skal koma fram á eyðublöðum E 127 fjöldi mánaðarlegra eingreiðslna á einstakling sem koma til greiðslu á einu ári.

## 3. gr.

Pegar þessi ákvörðun öðlast gildi skal taka saman skrá yfir þá einstaklinga og/eða aðstandendur þeirra sem eiga rétt á aðstoð í búseturíki sínu samkvæmt eyðublaðum E 121 eða E 122 sem gefin eru út fyrir þann dag og eru enn í gildi með þeirri aðferð sem hér fer á eftir:

- eyðublað E 121 (fyrir fjölskyldur) skulu gilda áfram uns það verður fellt niður og/eða í stað þess kemur annað eyðublað fyrir lífeyrisþegann einan sem útilokar þannig aðstandendur hans,
- gefið verður út nýtt eyðublað E 121 (fyrir einstaklinga) fyrir hvern aðstandanda lífeyrisþega sem áður hafði verið skráður á grundvelli eldri eyðublaða E 121 (fyrir fjölskyldur) og öðlast það gildi um leið og ákvörðun þessi. Gengið skal út frá seinni dagsetningunni sem upphafsdegi við útreikning eingreiðslna fyrir hlutaðeigandi einstakling,
- ákvæðin hér að framan skulu einnig eiga við um hvern aðstandanda lífeyrisþega sem áður hefur verið skráður á grundvelli eyðublaðs E 122.

## 4. gr.

Ákvörðun þessa skal birta í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur í stað ákvörðunar nr. 141 frá 17. október 1989.

Hún öðlast gildi 1. janúar 1998.

Í samskiptum við Frakkland skulu þó:

ákvæði ákvörðunar þessarar varðandi gerð skrána, sem kveðið er á um í 4. mgr. 95. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 og leiðir af því að í 95. gr. reglugerðarinnar hefur verið bætt inn meðalkostnaði á einstakling fyrir lífeyrisþega og aðstandendur þeirra, einungis gilda frá 1. janúar 2002;

ákvæði ákvörðunar nr. 141 frá 17. október 1989 varðandi gerð skrána sem kveðið er á um í 4. mgr. 95. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/71, í útgáfunni frá því fyrir 1. janúar 1998, sem leiðir af útreikningi á meðalkostnaði á fjölskyldueiningu fyrir lífeyrisþega og aðstandendur þeirra, gilda áfram til 31. desember 2001.

Peter CLEASBY,

*formaður framkvæmdaráðsins.*

---